



## Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Alþingis  
Frá: Sjúkratryggingum Íslands  
Dags.: 6. desember 2019  
Efni: Sálfræðimeðferð (8. Mál um sjúkratryggingar)

Í nágildandi samningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sálfræðinga er samið um sálfræðiþjónustu á eigin starfstofum sálfræðinga fyrir börn með alvarlegar geðhegðunar- og þroskaraskanir. Börn þurfa tilvísun til að komast í þjónustuna og er þjónustan með fullri greiðsluþátttöku SÍ. Samtals 12 sálfræðingar starfa skv. þessum samningi árið 2019 og sinna þeir að meðaltali um 18 einstaklingum yfir árið. Meðalfjöldi meðferða á hvern einstakling er um 5,5 meðferðir á ári og kostnaður SÍ við hverja meðferð er 15.370 kr. Algengt verð á stofum hjá sálfræðingum mun vera 17-18 þúsund kr. á hverja meðferð.

Erfitt er að áætla kostnað ríkisins varðandi sálfræðiþjónustu en það fer mikið eftir skilgreiningu þjónustu sem ríkið tekur þátt í að greiða, uppbyggingu samninga og greiðsluþátttöku mismunandi sjúklingahópa o.s.frv. Í gögnum frá Embætti Landlæknis kemur fram að um 800 sálfræðingar hafa virkt starfsleyfi á Íslandi og um 300 af þeim eru sjálfstætt starfandi.

Samfélagsleg þörf fyrir sálfræðiþjónustu virðist ekki hafa verið metin, hvorki hér á landi né í nágrannalöndunum samkvæmt upplýsingum frá Sálfræðingafélagi Íslands. Því er erfitt að áætla umfang þjónustunnar og meta kostnað vegna hennar. Í eftirfarandi töflu má sjá kostnað SÍ m.v. mismunandi forsendur um fjölda einstaklinga sem fengi þjónustuna árlega og meðalfjölda meðferða á ári.

**Tafla 1. Kostnaður SÍ vegna sálfræðiþjónustu m.v. mismunandi fjölda einstaklinga og meðalfjölda meðferða á ári. Verð miðast við 17.500 kr. á meðferð sem er algengt verð á stofum hjá sálfræðingum.**

| Fjöldi einstaklinga | 5 meðferðir   | 10 meðferðir  | 15 meðferðir  | 20 meðferðir  |
|---------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| 1.000               | 87.500.000    | 175.000.000   | 262.500.000   | 350.000.000   |
| 5.000               | 437.500.000   | 875.000.000   | 1.312.500.000 | 1.750.000.000 |
| 10.000              | 875.000.000   | 1.750.000.000 | 2.625.000.000 | 3.500.000.000 |
| 15.000              | 1.312.500.000 | 2.625.000.000 | 3.937.500.000 | 5.250.000.000 |



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

### **Ályktun:**

Ekki liggur fyrir mat á þörf fyrir sálfræðiþjónustu. Í þeim nágrannalöndum þar sem ríkið tekur þátt í kostnaði vegna sálfræðiþjónustu er sú þátttaka bundin við ákveðnar skilgreiningar en tekur ekki til allrar þeirrar þjónustu sem sálfræðingar veita. Ef gert ráð er fyrir að um 10.000 einstaklingar (um 3% þjóðarinnar) fengi slíka þjónustu hér á landi árlega og meðalfjöldi meðferða á einstakling væri um 5-10 má mjög gróflega áætla kostnað SÍ um 875- 1.750 milljónir á ársgrundvelli.